



Valgreinar og samvalsgreinar

Skólaárið 2011 - 2012

9. og 10. bekkur

Kennslulýsingar

Námsgreinar í 9. og 10. bekk skiptast í kjarna sem er 27 kennslustundir á viku og valgreinar sem eru 10 kennslustundir á viku. Kjarnann verða allir nemendur að taka og eru námshópar bundnir við bekkjardeildir. Valgreinar eru hins vegar sameiginlegar fyrir bekkina og jafnvel 8. bekk. Hver valgrein samsvarar 2 kennslustundum á viku yfir veturinn. Nemendur í 9. og 10. bekk velja sér **5 valgreinar og 3 til vara** og geta valið sér valgreinar sem bæði eru kenndar í Síðuskóla og sem kenndar eru í samstarfi við aðra skóla á Akureyri. Nemendur eiga auk þess kost á að fá metið nám við sérskóla, félags- eða íþróttastörf allt að fjórar kennslustundir á viku. Fyrirvari er gerður um að greinar geta fallið niður ef ekki er næg þátttaka.

Mikilvægt er að nemendur vandi valið og velji þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og nauðsynlegt er að foreldrar hafi hönd í bagga með vali barna sinna. Fyrstu tvær vikur skólaársins verður gefinn möguleiki á breytingum ef svigrúm leyfir hvað varðar hópastærðir.

Valgreinar utan skóla (félagsstörf eða sérskólanám)

Nemendur eiga kost á að fá metið félagsstarf eða nám utan skólans en til að hægt sé að meta það sem eina valgrein þarf að liggja að baki 1 - 4 klukkustunda iðkun á viku og fleiri en 5 klukkustundir ef meta á það sem tvær valgreinar. Skila þarf staðfestingu þjálfara/ kennara/ foringja á ástundun þrisvar sinnum yfir veturinn með eyðublaði sem skólinn leggur til. Nemendur og foreldrar bera fulla ábyrgð á þessum skilum til að starfið fáið metið. Athugið að starfsemi utan skóla má að hámarki meta sem 4 vikustundir af þeim 37 sem nemandi skal skila í grunnskóla og að foreldrar bera allan kostnað af námi sem óskað er eftir með þessum hætti.

Íþróttæfingar

Þeir sem stunda reglulegar æfingar hjá viðurkenndum íþróttafélögum geta fengið þær metnar til tveggja stunda í vali enda skili þeir skriflegri viðurkenningu frá þjálfara bæði um æfingar og ástundun.

Myndlistar- og tónlistarnám

Þeir nemendur sem eru í myndlistar- eða tónlistarnámi allan veturinn geta fengið nám sitt metið til tveggja vikustunda, enda skili þeir einkunn þaðan. Ekki er tekið þátt í að greiða skólagjöld. Metið til tveggja stunda í vali.

Annað

Hugsanlegt er að fá annað nám eða þátttöku í félagsstarfi metið sem val t.d. skátastarf o.fl.

Efnisyfirlit



Valgreinar fyrir nemendur Síðuskóla

Daglegt líf.....	5
Enska.....	5
E-twinning.....	5
Fatahönnun og endurnýting.....	6
Föndur með flísfix og keramik	7
Gerð myndbanda.....	7
Heimilisfræði.....	8
Hreysti og heilbrigður lífstíll.....	8
Hönnun og smíðar.....	9
Íslenska, lifandi tunga	9
Íþróttfræði	9
Líffræði/efnafræði.....	10
Myndmennt.....	10
Prjón og útsaumur.....	10
Saga-menning-landafræði.....	11
Stuðningur við bóklegt nám	11
Stærðfræði.....	12

Samvalsgreinar fyrir nemendur í grunnskólum Akureyrarbæjar

Að ferðast og fræðast um Ísland.....	12
Boltaíþróttir.....	13
Danska.....	13
Félagsmiðstöðvarval.....	13
Frjálsar íþróttir.....	14
Grafísk hönnun.....	15
Handboltaskóli.....	15
Handverk-smíðar	15
Heimspæki.....	15
Hreyfing til framtíðar.....	16
Hreysti.....	17
Knattspyrnskóli KA.....	17
Knattspyrnskóli Þórs.....	17
Leður-Leir-Mósaík.....	18
Leiklist í skólastarfi.....	18
Lestur er lykill.....	19
Líkamsrækt Bjarg.....	19
Líkamsrækt Átak.....	20
Myndlist.....	20
Prjón og hekl.....	21
Skák.....	21
Stjörnufræði-jarðfræði.....	21
Tauprykk.....	22
Tónlist og myndbönd í tölvum.....	22
Útivist og hreyfing.....	23
Vetrariþróttir.....	24

Valgreinar í Síðuskóla



Daglegt líf

Valgrein fyrir nemendur sem njóta sín ekki sem skyldi í bóklegum greinum. Markmið greinarinnar er að gefa nemendum færi á að fást við daglegt amstur sem fylgir hinu almenna lífi. Tengja rafmagnsbox, laga tölvur, gera við ýmislegt tilfallandi með aðstoð kennara og húsvarðar. Tímar eru brotnir upp með gönguferðum þar sem viðað er að sér efni til að hafa í skólanum til ýmissa nota fyrir nemendur skólans t.d. farið og sóttar trjágreinar eða yngri nemendur aðstoðaðir þegar þeir þurfa að sækja sér efni í náttúruna. Nemendur halda utan um þá tíma sem þeir vinna utan þess tíma sem er úthlutað í stundaskrá og læra þannig að halda utan um þá vinnu sem þeir inna af hendi. Námsmat: Vinnubók - þar sem vinnan bæði tímar og verk eru skráð 50%, vinnuframlag 40%, ástund, áhugi og frumkvæði 10%

Enska

Ætlað þeim sem standa vel í ensku og hafa áhuga á að bæta þekkingu sína í henni. Unnið verður með bókmenntir, kvikmyndir og veraldarvefinn auk ítarefnis frá kennara. Áhersla lögð á skilning, tjáningu, ritun og að nemendur geti haft samskipti á ensku. Ekki verður farið sérstaklega í málfræði eða kennslubækur líkt og í ensku í kjarna.

E-twinning

Unnið að evrópskum verkefnum með skólum víðs vegar um Evrópu. Verkefnin snúast um það sem nemendur hafa áhuga á að gera. Nemendur vinna „power point” sýningar, gera myndbönd og fleira til að kynna sín verk fyrir nemendum í öðrum löndum. Skólaárið 2011/2012 er seinna ár Síðuskóla í Comeniusarverkefninu “ICT4U” þar sem unnið er með skólum frá Belgíu, Grikklandi, Ungverjalandi og Spáni. Farið verður í ferð bæði í haust 2011 og að vori 2012 til Grikklands og Ungverjalands. Nemendur sem eru í E-twinning vinna að verkefnum með nemendum frá þessum löndum og ef þeir vinna vel þá eiga þeir möguleika á að fá að fara erlendis. Nemendur í E-twinning þurfa helst að vera hugmyndaríkir og sjálfstæðir í vinnubrögðum.

Fatahönnun og endurnýting

Skilyrði fyrir þátttöku er að nemendur hafi tileinkað sér grunnþekkingu á saumavél.

Markmið:

Að nemandi

- geti unnið sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í hekli, þrjóni, útsaumi, vélsaumi o.fl.
- sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali
- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu
- skipuleggi eigið vinnuferli, geri skriflega vinnuáætlun og lauslega uppdrætti / skissur að verkefni
- sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum

Námsgögn:

- Rauðakrossverkefni: *Föt sem framlag*
- Farið verður í Rauða krossinn eða Hjálpræðisherinn og keypt fót sem á að breyta.
- Nemendur komi með fót til að breyta eða nýta á annan hátt.
- Skissubók.

Kennslufyrirkomulag: Kennsla fer fram einu sinni í viku 2x40 mín allt skólaárið.

Heimanám felst í hugmyndavinnu og skissuteikningum. Ef nemandur kjósa að nota ekki það efni sem skólinn býður upp á er þeim frjálst að koma sjálfir með efni/fatnað. Eitt skylduverkefni, nemandinn tekur upp snið úr blaði og saumar sér einfalda flík.

Námsmat: Verkefnin eru metin þegar þeim er lokið og við matið er tekið tillit til áhuga, færni og vinnusemi nemenda. Skissubók, símat.

Kennslufyrirkomulag vetrarins:

- 2 vikur, kynning á saumavél sem endar á prófi
- 8 vikur, Rauða krossverkefni sem byrjar á kynningu á verkefninu og endar með afhendingu á barnafötum
- 1 vika, bæjarferð (heimsókn í vefnaðarvörubúðir og tískubúðir)
- 1 vika á vorönn, heimsókn í Verkmenntaskólann á Akureyri

Föndur með flísofix og keramik

Markmið:

Að nemandi

- geti unnið sjálfstætt að eigin verki
- sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali
- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru
- sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum

Námsgögn:

- upplýsingar og myndir af netinu
- gögn frá kennara

Kennslufyrirkomulag: Kennsla fer fram einu sinni í viku 2x40 mín allt skólaárið. Unnið verður að mismunandi verkefnum með flísofix og frágangur unnin með saumavél.

Keramik er hrært og sett í mót og þegar það er orðið þurt er það málað. Nemendur endurvinna pappír sem notaður er í kort. Skólinn útvegar það sem til þarf að ákveðnu marki þó.

Námsmat: Verkefni eru metin þegar þeim er lokið og við matið er tekið tillit til áhuga, færni og vinnusemi nemenda. símat.

Kennslufyrirkomulag vetrarins:

- Fyrir áramót verður unnið að verkefnum sem tengjast jólum og nemendur setja upp sýningu fyrir jólin
- Endurvinnsla á pappír og kortagerð
- Eftir áramót verður eitt skylduverkefni og eftir það velja nemendur sér verkefni

Gerð myndbanda

Markmiðið er að nemendur læri á myndbandavinnsluforrit, þeir læri að semja handrit, leika, leikstýra og vinna markvisst saman að ákveðnu verki. Hver nemandi fær tækifæri til semja handrit, leikstýra og leika auk þess sem hann fullvinnur sína mynd í samráði við kennara. Unnið verður í upphafi að gerð handrita. Hver og einn semur handrit að stuttmynd, tekur hana upp og leikstýrir. Í hverri viku eru tveir tímar. Að jafnaði yfir veturinn fer annar tíminn í það að taka upp efni, oft utan skólatíma, og vinna það en hinn í að skrifa handrit. Vönduð, sjálfstæð vinnubrögð eru undirstaðan í myndbandagerð.

Heimilisfræði

Lögð er áhersla á að æfa mismunandi matreiðslu og bakstursaðferðir, sjálfstæð vinnubrögð (vinna eftir skriflegum leiðbeiningum) frumkvæði og ábyrgð í vinnu og vali á verkefnum. Nemendur tileinki sér kurteisi og tillitssemi og geti unnið með öðrum, fái notið sköpunargleði og séu virkir við matreiðslu og heimilisstörf. Í bóklega þættinum er t.d. farið í næringu og hollustu, matreiðslu, matarhefðir í ýmsum löndum, trúarbrögð, framleiðslu, vinnuskipulag, hreinlæti, átröskun og fleira.

Hreysti og heilbrigður lífsstíll -leiðin til árangurs í íþróttum-

Val í „Hreysti og heilbrigður lífsstíll“ er fyrir þá nemendur sem hafa mikinn áhuga á íþróttum/líkamsrækt og vilja tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Valgreinin er ekki aðeins hugsuð fyrir þá unglunga sem iðka íþróttir heldur fyrir alla þá sem vilja hafa heilbrigðan lífsstíl.

Aðalmarkmiðið er að nemendur auki vitund sína varðandi eigin heilsu og heilbrigða lífshætti og þjálfist í því að bera ábyrgð á eigin heilsu, með því að tileinka sér markvissa ástundun íþróttá eða líkams- og heilsuræktar, mikilvægi hollrar fæðu og nægjanlegs svefns. Stefnt er að því að nemendur læri að skilja líkamsstarfsemina og hvernig líkaminn bregst við álagi og þjálfun. Einnig að nemendur skilji mikilvægi hollustu og heilbrigðra lífshátta.

Nemendur læri meira um þol, styrk, snerpu og kraft og æfa sig í þessum þáttum til að öðlast á markvissan hátt líkamshreysti og þrek. Farið verður í gegnum þrautir úr Skólahreysti og nemendur undirbúnir sem mögulegir fulltrúar skólans í Skólahreystikeppninni í framtíðinni.

Frekari efnisþættir í þessari valgrein eru hvíld og svefn, upphitun, teygjur, hvernig á að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsl og mikilvægi þess að tileinka sér jákvætt viðhorf. Auk þess verður kynning á ýmsum íþróttagreinum, leikir og keppni.

Kennslan er aðallega verkleg, þar sem fræðilegum, bóklegum þáttum er reglulega bætt inn á milli, þannig að þau mynda eina heild.

Hönnun og smíðar

Hönnun og smíðar gefa nemendum kost á verklegu námi þar sem þeir læra að vinna með mismunandi efni og búa til eigulega hluti. Áfanginn á að auka þeirra verklegu færni og gera þá betur í stakk búna að skapa sína eigin hluti og vekja áhuga á verklegu framhaldsnámi. Verkefni eru af ýmsu tagi allt frá hefðbundinni smíðavinnu til rafmagnsverkefna. Nemendur eiga því að geta fundið sér farveg sem hentar þeirra áhuga og getu.



Íslenska, lífandi tunga

Fyrstu vikunnar verður lögð áhersla á að auka leshraða og bæta lesskilning þar sem stuðst verður við námsefnið „Lestu nú“ og verkefni því tengt. Einnig verða lesnir textar sem kennari leggur til og er markmiðið að auka leshraða verulega. Nemendur velja sér bók til að lesa í bæði í kennslustundum og heima, áhersla á mikinn lestur og ákveðnar lestraraðferðir s.s. gagnvirkan lestur til að þjálfna bæði hraða og lesskilning.

Framsögn verður æfð meðal annars á þann hátt að lýsa hlutum, segja sögur svo sem þjóðsögur eða ævintýri. Nemendur semja og flytja stutt ávörp og einu sinni lengri ræðu. Nemendur lesa eitt skáldverk að eigin vali, semja kynningar bæði í ræðu og á riti. Einnig munu þeir einu sinni á skólaárinu lesa sama verkið og vinna í framhaldi af því verkefni ýmiskonar.

Heimanám mun fyrst og fremst vera lestur góðra bóka.

Námsmat: Símat, öll vinna nemenda metin jafnóðum. Ekki próf.

Íþróttافرæði

Val í íþróttافرæði í 8. -10. bekk er eingöngu verklegt, bæði undir stjórn íþróttakennara og einnig fá nemendur þjálfun í tímastjórnun.

Hver kennslustund byrjar á góðri upphitun og lýkur með teygjuæfingum.

Markmiðið með þessari valgrein er að nemendur öðlist þekkingu á flestum þeim íþróttagreinum sem stundaðar eru hér á landi.

Valgreininni lýkur ekki með prófi heldur er metið virkni, hegðun, getu og ástundun nemanda.

Líffræði/efnafræði

Áfanginn hentar einkum þeim sem hafa mikinn áhuga á náttúrufræði. Fyrir áramót verður aðal áherslan á umfjöllun um veirur, dreifkjörnunga, frumverur, sveppi, þörungna, mosa og byrkninga. Auk þess verður reynt að taka fyrir aðra námsþætti í samráði við nemendur eins og hægt er. Eftir áramót verður farið í grunnatriði efnafræðinnar; frumefnin, samsetningu efnis, frumeindakeninguna, fasaskipti, efnahvörf, byggingu frumeinda og stillingu efnajafna. Gerðar verða tilraunir sem eiga við efnið hverju sinni. Undir vorið verður eldflaugakeppni.

Kennsluhættir eru í formi fyrirlestra, sýnikennslu, umræðum, tilraunum, verkefnum, hugsanlegum vettvangsferðum og myndböndum.

Myndmennt

Kennd verða grundvallarlögmál í myndlist s.s teiknun, málun, mótun, skyggingu, myndbyggingu o.fl. Nemendur fá kennslu í aðferðum, eiginleikum og möguleikum efna og vinna síðan sjálfstæð verk í framhaldi af því. Lögð verður áhersla á tengingu fagsins við listastefnur og listamenn. Farið verður í vettvangsferðir á listasöfn. Námsmat byggist á frammistöðu nemandans í tímum og mati á verkefnum. Lögð áhersla á sjálfstæði í sköpun.

Prjón og útsaumur

Markmið:

Að nemandi

- geti unnið sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í prjóni og útsaumi
- sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali
- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu
- skipuleggi eigið vinnuferli, geri skriflega vinnuáætlun og lauslega uppdrætti / skissur að verkefni
- sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum

Námsgögn:

- Mappa fyrir prjónaprufur og útsaumsprufur
- Skissubók.

Kennslufyrirkomulag: Kennsla fer fram einu sinni í viku 2x40 mín allt skólaárið.

Heimanám felst í hugmyndavinnu og skissuteikningum. Nemendum er frjálst að koma með að heiman það sem til þarf en skólinn útvegar garn og það sem til þarf að ákveðnu marki þó.

Námsmat: Verkefni eru metin þegar þeim er lokið og við matið er tekið tillit til áhuga, færni og vinnusemi nemenda. Skissubók, símat.

Kennslufyrirkomulag vetrarins:

- Þrjón fyrir áramót, skylduverkefni í þrjóni, þrjóna prufur
- Útzaamur eftir áramót, skylduverkefni, prufuvinna í útsaumi
- Frjáls verkefni
- 1 vika bæjarferð, heimsókn í búðir sem selja garn og útsaumsvörur
- 1 vika á vorönn, heimsókn í Verkmenntaskólann á Akureyri.

Saga – menning – landafræði

Nemendur kynnst sögu 20. aldar með því að taka fyrir ákveðin tímabil og fjalla um þau út frá menningu og tíðaranda hverju sinni t.d. tísku, tónlist, kvikmyndum og fréttatengdum atburðum. Í landafræðinni verður meginviðfangsefnið ástandið í þróunarlöndunum og samskipti ríkra þjóða og fátækra. Fjallað verður um flokkun landa í iðnríki og þróunarlönd, helstu vandamál í fátækum löndum s.s. heilsufar, menntun, fólksflutninga og þróunaraðstoð. Nemendur velja viðfangsefni að nokkru leyti í samráði við kennara. Áhersla á umræður, heimildaöflun og sjálfstæð vinnubrögð. Fyrirlestrar, umræður, hóp- og verkefnavinna, horft á og fjallað um myndbönd tengd efninu. Texti lesinn í kennslubók, umræður um hann og glósað, skrifleg verkefni úr smiðju kennara unnin. Námsefnið sem verður stuðst við er *Úr sveit í borg*, þættir úr sögu 20. aldar, *Heimshorna á milli* (valdir kaflar) og ýmis ljósrit, bækur, myndir og efni af netinu eftir ábendingu kennara.

Stuðningur við bóklegt nám

Nemendur mæta til kennara tvisvar í viku 40 mínútur í senn. Kennari aðstoðar nemendur í þeim námsgreinum sem þeir þarfnast hverju sinni. Námsmat felst í mætingum og iðjusemi í tímunum. Þeir nemendur sem nýta ekki þessa stuðningstíma þurfa að flytja sig í aðra valgrein.

Stærðfræði

Í stærðfræðivali vinna nemendur að því að efla þekkingu og færni sína í stærðfræði. Tímarnir eru hugsaðir sem stuðningur við námsefni unglingsdeildar. Nemendur fá kennslu og frekari þjálfun í því námsefni sem unnið er með í stærðfræðinámi þeirra og jafnframt er lögð áhersla á upprifjun og kennslu í grunnaðgerðum stærðfræðinnar eftir því sem við á. Nemendur eru þjálfaðir í að ræða saman um stærðfræðileg viðfangsefni, vinna saman og hjálpast að þar sem það á við. Reynt verður eftir megni að vinna hlutlægt þegar þess er kostur og tækifæri gefast. Stærðfræðiverkefni á vefnum verða einnig notuð eftir því sem hentar.

Samvalsgreinar

Hér er um að ræða greinar sem grunnskólar Akureyrar sameinast um að bjóða upp á. Dag- og tímasetning kemur fram við hverja námsgrein en þær eru kenndar á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum.



Að ferðast og fræðast um Ísland (8.-10. bekkur)

Markmið að hjálpa nemendum að læra að þekkja Ísland betur.

Fræðst verður um helstu ferðamannastaði landsins. Hvað er það sem ferðamenn, bæði innlendir og erlendir sækjast eftir að sjá á Íslandi?

Eftirfarandi atriði verða lögð til grundvallar:

- ✓ mótun landsins - hvaða öfl byggðu það upp og eru enn að verki
- ✓ veðurfar - hvernig veður hefur áhrif á líf fólks í landinu,
- ✓ gróðurfar - hvaða plöntur eru einkennandi fyrir Ísland,
- ✓ dýralíf - hvaða villt dýr lifa á landinu og hvers vegna,
- ✓ mannlíf - skoðuð verður lauslega saga lands og þjóðar.

Námsefnið eru valdir kaflar og rit sem tengjast hverjum námsþætti og upplýsingar af vef.

Námsmat verður í formi hópvinnu, paravinnu og einstaklingsvinnu. Nemendur þurfa að kynna hver fyrir öðrum valda staði á landinu, þar sem þeir tengja saman alla þá þætti sem einkenna hvern stað.

Kennari: Helga Sigurðardóttir

Kennt á miðvikudögum kl. 13.30-14:50 í Brekkuskóla.

Boltaíþróttir (8. – 10. bekkur)

Markmið og kennsluáferð: Áhersla er lögð á boltagreinar og ýmiskonar boltaleiki. Tilgangur með boltaíþróttum er m.a. til að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsfyllingar.

Kennslunni er skipt niður í tímabil þar sem farið verður m.a. í: Fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, sundknattleik, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni verður í tímunum og með því móti er reynt að gera kennsluna áhrifameiri, líflegri og skemmtilegri.

Námsmat: Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

Kennari úr Brekkuskóla

Kennt á miðvikudögum kl. 13.30-14:50 í Íþróttahöllinni v. Skólástíg.

Danska: Kvikmyndir – stuttmyndir – tónlist (8. – 10. bekkur)

Nemendur kynnast dönskum kvikmyndum og stuttmyndum. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig um efnið jafnt munnlega sem skriflega.

Kennsluhættir: Horft verður á danskar kvik- og stuttmyndir og verkefni unnin úr þeim. Verkefnin eru ýmist einstaklings- eða hópverkefni og eiga að auka færni nemenda í ritun jafnt sem töluðu máli. Jafnframt verður hlustað á danska „unglingatónlist” og unnin verkefni úr henni.

Námsefni: Danskar kvikmyndir, stuttmyndir og tónlist. Verkefni úr smiðju kennara.

Heimanám: Nemendur vinna verkefni tengd þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Námsmat: Verkefni nemenda metin sem og vinnusemi í kennslustundum.

Kennari: Kristín List Malmberg.

Kennt verður í Síðuskóla á miðvikudögum frá kl. 13.40 – 15.00.

Félagsmiðstöðvarval – Félagsmiðstöðvarráð (8. – 10. bekkur)

Markmið:

- Að nemendur öðlist aukna félagslega færni.
- Að nemendur efli sinn félagslega þroska.
- Að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmynd .

- Að nemendur kynnist unglíngalýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að nemendur kynnist annarri menningu og öðlist jákvætt viðhorf í garð þeirra.
- Að nemendur læri að skipuleggja, undirbúa og framkvæma viðburði í félagslífi sínu.

Þeir nemendur sem veljast í þessa valgrein mynda félagsmiðstöðvaráð/starfslista félagsmiðstöðvarinnar

Inntak: Framsögn, framkoma, fundarsköp, skipulagning á viðburðum, skoðanaskipti, samvinna, virðing fyrir öðrum.

Leiðir: Nemendur vinna mikið í hópum að verkefnum. Kynningar eru á hugmyndum nemenda. Nemendur læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim.

Námsmat: 35% Sjálfsmat 35% jafningjamat 30% Verkefni: Nemendur vinna saman 2-4 í hóp við að skipuleggja og halda minni viðburð í félagsmiðstöðinni. Hluti af verkefninu er að kynna verkefnið fyrir hópnum til dæmis með glærusýningu. Hver nemandi fær umsögn bæði fyrir haust- og vorönn.

Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna: Söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), brettahelgi, íþróttadagur, spurningakeppni og skálaferð.

Viðburðir innan félagsmiðstöðvar: Kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, gistikvöld og spilakvöld.

Kennslan fer fram í félagsmiðstöðvunum og er í höndum kennara/leiðbeinenda þar. Kennar eru tvær stundir á viku auk þeirra viðburða sem nemendur skipuleggja.

Frjálsar íþróttir (8. – 10. bekkur)

Kennar verða ýmsar greinar frjálsra íþróttar.

- Hlaup; spretthlaup, grindahlaup, langhlaup og boðhlaup.
- Stökk; langstökk, hástökk, þristökk og stangarstökk.
- Kastgreinar; kúluvarp, kringlukast og spjót kast.

Tilgangurinn er að vekja áhuga á fjölbreytni frjálsra íþróttar, sem og að nýta góða aðstöðu í Boganum og á nýjum frjálsíþróttavelli á Þórsvæðinu.

Námsmat: Áhugi, ástundun, frumkvæði og virkni í tímum

Kennari: Unnar Vilhjálmsson íþróttakennari.

Kennt verður í Boganum á þriðjudögum kl: 13.40-15.00

Grafísk hönnun

Grafísk hönnun er hönnunaráfangi þar sem nemendum er kennt á teikniforritið Adobe Illustrator.

Markmið námskeiðsins er að hanna sinn eigin geisladisk með sinni uppáhalds hljómsveit og plakat. Ef tími gefst til væri hægt að hanna líka VIP baksviðspassa og jafnvel prenta á boli.

Kennari: Guðrún Huld Gunnarsdóttir grafískur hönnuður

Kennt verður í Naustaskóla á þriðjudögum/miðvikudögum frá kl. 14:30-15:50.

Handboltaskóli – (8. – 10. bekkur)

Boðið er upp á kennslu og þjálfun sem byggir á handboltaæfingum og fræðslu um handbolta.

Fyrst og fremst ætlað fyrir þá sem hafa undirstöðu í greininni.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennari: Jóhannes Bjarnason

Kennt verður á miðvikudögum kl. 13:30-14:50 í KA-heimilinu

Handverk - smíðar (8.-10. bekkur)

Helstu markmið eru að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðum og efni.

Boðið verður upp á ýmiss konar handverk og unnið í margs konar efni til að kynna nemendum fjölbreytni innan handverksgreina.

Helstu námsþættir eru.

- læra að nýta grisjunarefni í húsgagnagerð og aðrar hagnýtar nytjar.
- kynnist eiginleikum einstakra viðartegunda og nýtingu þeirra.
- læra að setja saman kolla og bekki úr greinaefni og bolviði/ skógarfjölum,
- kynnast fersku og þurru efni og samsetningu þess,
- að afberkja, ydda, setja sama og fullvinna húsgögnin, yfirborðsmeðferð og fúavörn.
- Læra á þrívíddar teikniforritið sketchup 8 og gera þar teikningar sem smíðað verður eftir.

Námsmat: Símat með áherslu á virkni, hegðun, frumkvæði og vinnubrögð.

Kennt í Giljaskóla á þriðjudögum kl. 13:40-16:00



Heimspeki (9.-10. bekkur)

Heimspekitímar í Síðuskóla byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Aðallega verður notast við bækurnar *Lisa* og *Veröld Soffu* til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru. Þegar líður á haustið fara þátttakendur einnig að leggja til umræðuefni og skiptast á um að kynna þau. Í einhver skipti verður unnið út frá myndböndum um siðfræðileg vandamál sem fólk stendur frammi fyrir. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða.

Heimavinna er ekki fyrir hvern tíma en nemendur þurfa stundum að lesa heima og skila 3 til 4 verkefnum yfir veturinn.

Einkunn byggir fyrst og fremst á frammistöðu í tímum en einnig á heimaverkefnum.

Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í umræðunum og myndi sér skoðanir sem þeir eru tilbúnir til að rökstyðja. Einnig að fólk hlusti hvert á annað og temji sér kurteisi þrátt fyrir skoðanaágreining.

Kennari: Sigrún Sigurðardóttir

Kennt verður í Síðuskóla á miðvikudögum kl. 13:40-15:00

Hreyfing til framtíðar (8. – 10. bekkur)

Helstu áhersluatriði og markmið: Að fá nemendur sem eru í engri hreyfingu til að gera hreyfingu að lífsstíl.

Skipulag kennslu og helstu kennsluáferðir: Hreyfing úti sem inni. Í tækjasal, hjólaferðir, gönguferðir, sund og nýta náttúruna. Samt mest í tækjasal. Kennslan verður miðuð við hvern nemanda fyrir sig.

Námsefni og kennslugögn: Tækjasalur

Námsmat: Nemendur verða að skila inn staðfestingu frá foreldri eða líkamsræktarstöð um að þau hafi farið og hreyft sig í a.m.k. 30 mín 3 x í viðbót við tímann sem þau mæta í í skólanum. Áhugi og virkni.

Mögulegur fjöldi nemenda: 12-14

Kennari: Birgitta Guðjónsdóttir

Kennt hvar og hvenær: Líkamsræktarstöð. Miðvikudagar kl. 13.40-15:00



Hreysti (8. – 10. bekkur)

Markmiðið með greininni er að bæta líkamlega hreysti nemenda með þol-, þrek- og liðleikaæfingum. Notuð er stöðvaþjálfun, skólahreysti (svipaðar æfingar), teygjuhringir o.fl. Einnig er gert ráð fyrir tímum á líkamsræktarstöðvum s.s. spinning, hlaupum, styrktaræfingum og fl.

Námsmat byggist á mætingum.

Kennari: Ingibjörg Ó. Ísaksen

Kennt verður í Íþróttahöllinni og líkamsræktarstöðvum á miðvikudögum kl. 13:30-14:50.

Knattspyrnskóli KA (9.-10. bekkur)

Knattspyrnskóli KA er ætlaður bæði drengjum og stúlkum það er ekki skilyrði af hálfu KA að nemendur séu að æfa með KA. Auk æfinganna eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og verður staðsetning þeirra auglýst síðar. Fyrirlesarar eru ýmsir.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennt fer fram í Boganum á þriðjudögum 13:40-15:00.



Knattspyrnskóli Þórs (9.-10. bekkur)

Knattspyrnskóli Þórs er fyrst og fremst ætlaður nemendum sem æfa knattspyrnu í 3. flokkum Þórs - drengja og stúlkna. Það er skilyrt af hálfu Þórs að nemendur sækji allar æfingar, á skólatíma og utan. Auk hefðbundinna æfinga eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og eru þeir haldnir í Hamri um helgar. Fyrirlesarar eru ýmsir. Nemendur borga æfingagjöld eins og aðrir í Þór en fá frían æfingagalla. Nemendur geta fengið 4 vikustundir metnar fyrir þátttöku í Knattspyrnskólanum, þ.e.a.s. 2 fyrir valgreinina og 2 fyrir þátttöku í æfingum félagsins.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennt fer fram í Boganum á miðvikudögum 13:30-14:50 og aðrar æfingar eru á hefðbundnum æfingátímum. Ekki er útilokað að æfing verði fyrir skólatíma að morgni.

Leir, leður, mósaik (8. – 10. bekkur)

Leðurvinna (10 vikur)

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsaumuð pennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, belti og hálsskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreytt með perlum hrosshári og fl.

Leirmótun (10 vikur)

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturgerð og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

Mósaik (10 vikur)

Unnið verður með 3mm litað gler, spegla og etv eitthvað annað efni sem til fellur. Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar (á vasana notum við málað eggjaskurn) ofl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

Kennslan er í höndum kennara í Glerárskóla

Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum kl.13:40 -15:00

Leiklist í skólastarfi (8. – 10. bekkur)

Síðastliðinn vetur tóku nemendur í grunnskólum Akureyrar þátt í verkefni Þjóðleiks sem var samvinnuverkefni fjölmargra áhugasamra aðila á Norðurlandi og Þjóðleikhússins, tilgangurinn var sá að efla leiklist og skapandi starf fyrir ungt fólk. Verkefnið tókst vel og því ástæða til að halda áfram enda er leiklistin, eins og aðrar listgreinar, vel til þess fallin að efla aga og skipulgshæfni í námi. Stefnt er að Þjóðleiksverkefninu annaðhvert ár og því verður valgreinin sem boðið er upp á komandi vetur með aðeins öðru sniði. Vetrarstarfið byrjar með hópefli og þjálfun en síðan mun hópurinn koma sér saman um

leikverk, æfa það og setja á svið með svipuðu sniði og um áhugamannaleikhús sé að ræða. Markmiðin með þessari valgrein eru m.a:

- Að efla leiklist á Norðurlandi
- Að vekja áhuga ungs fólks á leiklist og efla læsi þess á listformið
- Að efla framsögn, framkomu og tjáningu
- Að efla tengsl á milli grunnskólanna á Akureyri

Rétt er að benda það hér að þeir sem velja greinina verða að vera tilbúnir að leggja á sig töluverða vinnu og fórna tíma þegar líður að uppsetningu leikverksins. Þannig er hægt að ná góðum árangri.

Kennari: Hlín Bolladóttir

Kennt verður í Rósenborg á mánudögum kl. 14:15-15:35 en að hluta verður um óreglulega vinnu í lengri lotum að ræða í kringum uppsetningu leikverksins.

Lestur er lykill (8. – 10. bekkur)

Lýsing: Nemendur lesa bækur allt frá teiknimyndasögum til þyngrri bókmennta. Fjalla og vinna með efnið einstaklingslega og í hópum þar sem skilningur á lesefni verður lagður til grundvallar.

Markmið: Að nemendur öðlist dýpri skilning á lesnum texta. Að nemendur geti áttað sig á samhengi og boðskap texta með gagnrýnum huga, myndað sér skoðun og fært rök fyrir henni. Að nemendur geri sér grein fyrir að bækur séu langt frá því útdauðar og megi ekki hunsa á kostnað annarra miðla. Að vera vel læs sé lykill að umheiminum og að gagnrýnum huga.

Námsgögn: Íslenskar og þýddar bækur af ýmsum toga, valdar í samstarfi við nemendur.

Námsmat: Verkefnavinna, bæði einstaklings- og hópverkefni.

Kennari: Hólmfríður Árnadóttir

Kennt verður í Brekkuskóla á miðvikudögum kl. 13:30-14:50

Líkamsrækt Bjargi (9. og 10. bekkur)

Þetta valfag er fyrir þá sem vilja læra um hvernig maður ber sig að og æfir á líkamsræktarastöð.

Markmið:

- Kynna og kenna fjölbreyttar aðferðir til að stunda hreyfingu á líkamsræktarstöð.
- Að líkamsrækt og heilbrigður lífsstíll verði hluti af daglegu lífi.

Kennslufyrirkomulag:

Kennt á tæki í líkamsræktarsal. Einnig verður farið í fjölbreytta hóppjálfun, þ.e. spinning, BodyPump, Gravity, palla, þrektíma, slökun og teygjur.

Námsmat: Virkni, áhugi og mæting.

Kennari: Elvar Smári Sævarsson

Kennsla fer fram á Bjargi við Bugðusíðu á miðvikudögum kl. 13:40 – 15:00.

Líkamsrækt Átak (9.-10. bekkur)

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn grunnskólakennara með langa og víðtæka reynslu af líkamsræktarþjálfun.

Markmið námskeiðsins er að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum.

Einnið að þjálfar þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimísal t.d. Body pump, spinning og palla.

Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, virkni og áhuga. Umsögn um hvern nemanda.

Kennari: Björk Pálmadóttir

Kennsla fer fram í Átaki, Skólastíg 4 á þriðjudögum kl.13:50 – 14:50.

Myndlist (8. – 10. bekkur)

Valinu er skipt í þrjár annir yfir veturinn.

Teikning og málun: Teikniæfingar og síðan máluð frekar stór mynd, ein eða fleiri.

Leirmótun: Mótaðir hlutir úr jarðleir og brenndir.

Skúlpúr: Þrívítt verk unnið úr ýmiskonar efni vír, gifs, mappamassa o.fl.

Kennari: Bryndís Kondrup

Kennsla fer fram í Giljaskóla á þriðjudögum kl.13:40 – 15:00.

Prjón og hekl (8. – 10. bekkur)

Markmið: Að æfa færni í að prjóna eftir einföldum uppskriftum, prjóna með tveimur eða fleiri litum í einu, prjóna með 5 prjónum og hanna eigið munstur. Einnig að æfa færni í að hekla eftir einföldum uppskriftum. Mikilvægt er að tileinka sér ýmis tákni sem gilda í uppskriftum bæði í prjóni og hekli.

Námsgögn: Lopablöð frá Ístex frá nr. 24-28 og síðustu 5-6 Ýr - blöðin , (sokkaprjónar, hringprjónar) og garn: léttlopi, hespulopi, bulky lopi ofl.

Kennslufyrirkomulag: Farið yfir helstu tákni í munstrum, úrtöku og útaukningu í prjóni og hekli. Nemendur geri 10 prufur og setja í möppu ásamt munstri.

Skyldustykkinn verða til dæmis: prjónaðir vettlingar, prjónaðir sokkar, heklað sjal, hyrna eða heklud taska. Þegar nemendur hafa lokið skyldustykkjum er frjáls vinna. Nemendur fá garn í prufur og skyldustykkinn.

Kenndar verða þrjár kennslustundir í einu og mun valgreininni því ljúka töluvert fyrir vorið.

Námsmat: Ástundun, símat út frá handverki nemenda, virkni í tímum og mappa með prufum og teikningum.

Kennari: Jónína Vilborg Karlsdóttir

Kennt verður í Lundarskóla á miðvikudögum kl. 13:40-15:00.

Skák (8.-10. bekkur)

Farið verður í helstu atriði í tengslum við skákiðkun s.s. hvernig á að máta, byrjanir, endatafl, leikfléttur o.fl. Kennt verður hvernig nota á skáklukkur og hvernig skrifa á skákir. Nemendur fá að tefla auk þess sem kennari fer í ýmis atriði á sýningarborði.

Kennari leggur þrautir og verkefni fyrir nemendur.

Kennarinn er skákmeistari Skákfélags Akureyrar.

Kennt verður í Síðuskóla á mánudögum kl. 14.00.



Stjörnufræði / jarðfræði (9.-10. bekkur)

Val í jarðfræði er fyrir þá nemendur sem hafa mikinn áhuga á náttúrufræði eða hafa e.t.v. ákveðið að stefna á náttúrufræði- eða eðlisfræðibraut í framhaldsskóla. Áhersla verður lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði við úrvinnslu verkefna. Bókin *Sól, tungl og stjörnur* verður kennd í jarðfræðivali. Til umfjöllunar verða kenningar um tilurð alheimsins, stjörnur, stjörnumerki á himinhvolfinu, vetrabrautir, sólkerfið okkar, jörðina

og tunglið. Nemendur vinna heimildaverkefni um valið efni og farið verður í stjórnuskoðun ef tækifæri gefst.

Námsmat: Kennari metur vinnu nemenda jafnóðum. Kannanir eru lagðar fyrir reglulega og heimavinna og vinnusemi í kennslustundum metin.

Kennari: Sigrún Sigurðardóttir

Kennt verður í Síðuskóla á mánudögum kl. 13:40-15:00

Tauprykk (8.-10. bekkur)

Kennd verður meðferð nýrra tauprykkslita sem hafa fjölbreytta eiginleika og hægt að nota í hvaða vefjarefni sem er. Mismunandi aðferðir við þrykk verða kynntar s.s stimplar, stenslar, rammaþrykk og fl. Nemendum verður kennt að útfæra hugmyndir sínar í vefjarefni, flikur eða nytjahluti. Nemendur þróa og hanna stykki að eigin vali og geta blandað aðferðum með þrykkinu eins og útsaum og bútasaum. Virkni og vinnubrögð í tímum metin.

Kennari: Astrid Hafsteinsdóttir

Kennt verður í Giljaskóla á þriðjudögum kl.13.40-15:00



Tónlist og myndbönd í tölvum (9.-10. bekkur)

Lýsing: Þessi valgrein er tvennt í senn. Annars vegar grunnáfangi í notkun svokallaðara tónbútaforrita sem notuð eru til þess að búa til tónlist, forma tónsmíðar og leika sér með tónlist í tölvu. Forritið sem hér verður notað heitir Garage band og tölvurnar iMac frá Apple. Hins vegar fá nemendur tækifæri til að þjálfast í gerð myndbanda. Þeir læra að gera handrit að myndbandi og um mikilvægi þess að nota handrit. Þeir fá svo tækifæri til að taka upp og klippa tónlistarmyndbönd í forritinu iMovie.

Sum verkefni eru hugsaðar sem stuttar æfingar, en í öðrum verkefnum fá nemendur frjálsari hendur og fylgja eigin hugmynd. Handriti verður þó alltaf að fylgja.

Markmið: Að nemendur:

- Njóti aðstæðnanna til sköpunar í samvinnu við aðra nemendur
- Kynnist þeirri aðferð að búa til tónverk í tölvu
- Geri vinnuáætlun/handrit að hljóðvinnsluferli eins lags í einu og eins myndbands í einu. Geri sér jafnframt grein fyrir mikilvægi nákvæms undirbúnings fyrir vinnu af þessu tagi.
- Fáí reynslu af að flytja talað mál og/eða söng þannig að textinn skili sér vel í

upptöku

- Fáa tækifæri til nota leikræna tjáningu við úrvinnslu verkefna sinna
- Læri að nota og umgangast tæki og tól sem notuð eru við hljóðvinnslu og myndbandsgerð
- Fáa tækifæri til að læra sjálfir á flókið tölvuforrit með því að nota það.
- Læri af mistökum, meti eigin frammistöðu stöðugt, fáa tækifæri til lagfæringa, læri hver af öðrum, skiptist á hugmyndum og skoðunum og geri ávallt eins vel og þeir geta.
- Geti flutt stafræna hljóð- og myndskrá á milli forrita og á geymsludisk (flakkara) eða CD eða DVD disk og jafnvel á Netið.

Námsefni:

- Verkefni frá kennara. Unnin með hjálp tölvuforritanna Garage band og iMovie,
- Tónlist og tölvur (Námsefni í tónmennt fyrir 7.-10. bekk eftir Flosa Einarsson)

Námsmat:

Ástundun, umgengni, framkoma 20%

2 af verkefnum valin af nemandanum sjálfum 80%

Kennari: Karl Hallgrímsson

Kennt verður í Naustaskóla á miðvikudögum kl. 13:40-15:00

Útivist og hreyfing - (8. – 10. bekkur.)

Fjallgöngur, hjólreiðar og skyndihjálpar

Markmið:

- Að nemendur læri grunnatriði útivistar s.s. mikilvægi þess að klæða sig rétt, neyta hollrar fæðu og undirbúa sig vel eins og að fylgjast með veðri og færð.
- Að nemendur læri að þekkja nokkrar gönguleiðir í nágrenni bæjarins.
- Að nemendur læri að þekkja nokkrar hjólaleiðir í nágrenni bæjarins.
- Að nemendur læri grunnatriði skyndihjálpar.

Aðaláherslan verður á útivistina að hausti. Farið verður í þrjár gönguferðir í nágrenni bæjarins. Gengið verður upp í Fálkafell – Gamli – Kjarnaskógur, Vaðlaheiði og Hlíðarfjall. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi sér sjálfir á upphafspunkt þar sem gönguferðir hefjast og séu sóttir að lokinni gönguferð. Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að góðum skjólfatnaði og séu vel búnir til fótanna. Farið verður í gönguferðirnar á virkum dögum. Gönguferðirnar munu taka frá 4-6 klst.

Farið verður eina ferð í fjallið á skíði/bretti og ein ferð á skautasvellið.

Námsmat: Ekki er próf úr útivistarhlutanum en nemendur þurfa að mæta í allar gönguferðirnar.

Í skyndihjálparhlutanum verður m.a. farið í rétt viðbrögð við aðkomu að slysum, endurlífgun, blóðmissi, beinbrotum, höfuðáverkum og bráðasjúkdómum.

Farið verður í vettvangsferð á slökkvistöðina.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkleg kennsla og leikir tengdir skyndihjálpinni.

Teknar verða þrjár kannanir yfir tímabilið og verkleg könnun í endurlífgun.

Lokaeinkunnin 7 gefur nemendum rétt á að sækja um skírteini til Rauða Krossins sem metið er til einnar einingar í framhaldsskólum.

Fræðsla verður um Björgunarsveitina Súlur og húsnæði hennar verður skoðað.

Þar sem ekki er unnt að koma ýmsum þáttum valgreinarinnar fyrir innan tveggja kennslustunda á viku, verður hún kennd í lotum inn á milli eins og gönguferðir, vettvangsferðir og viðamiklir þættir innan skyndihjálparinnar eins og endurlífgun. Mun því valgreinininni ljúka töluvert fyrir vorið.

Kennari: Anna Sigrún Rafnsdóttir

Valgreinin hefur aðsetur í Síðuskóla. Kennt verður á miðvikudögum kl. 13.40-15.00 en stundum í lengri lotum þannig að henni lýkur fyrr að vori.

Vetraríþróttir (9.-10. bekkur)

Skautar: Farið verður í grunnatriði skautaíþróttta, hokkí og krullu. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum.

Kennslan tekur ekki mið af nemendum sem hafa æft íþróttina.

Námsmat: Mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

Kennsla fer fram í skautahöllinni á þriðjudögum frá 13:50-15:10 og er kennt á haustönn.

Skíði: Farið verður í grunnatriði skíðaíþróttta. s.s. svigskíði, gönguskíði og bretti.

Aðallega er um verklegt nám að ræða en ef veður verður óhagstætt verður hluti námsins bóklegur. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum.

Námsmat: mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

Kennslan fer fram í Hlíðafjalli á þriðjudögum 13:40-16:20 í 8 vikna lotu á vorönn.